

872. fundur stjórnar GSÍ, 9. febrúar 2016, kl.17:00 haldinn á skrifstofu GSÍ.

Mættir voru: Haukur Örn Birgisson, Eggert Ágúst Sverrisson, Kristín Guðmundsdóttir, Rósa Jónsdóttir (skype), Bergsteinn Hjörleifsson, Helgi Anton Eiríksson, Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, Jón Júlíus Karlsson, Theódór Kristjánsson, Gunnar K. Gunnarsson og Hansína Þorkelsdóttir, sem jafnframt ritaði fundinn.

1. Ráðning framkvæmdastjóra.

Starf framkvæmdastjóra GSÍ var auglýst í desember laust til umsóknar. Markmið stjórnar var að ráðið yrði í starfið sem allra fyrst en eigi síðar en í febrúar. Umsóknarfrestur var til 15. janúar. Hagvangur sá um að taka á móti og vinna úr umsóknum um starfið. Tæplega 50 umsóknir bárust. Fimm manna hópur úr stjórn GSÍ var Hagvangi innan handar með ráðningaferlið. 10 umsækjendur voru boðaðir í fyrsta viðtal og voru fjórir af þeim boðaðir í annað viðtal. Umsóknir þeirra voru kynntar fyrir stjórninni og ræddar. Niðurstaða fundarins var að fela forseta umboð stjórnar til að bjóða Brynjari Eldon Geirssyni starfið og sjá um nánari útfærslu á starfssamningi. Stjórn samþykkti einróma.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl.19:30.